

Leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands með tilliti til hæfni til ræktunar

Samstarfsverkefni atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis,
Skipulagsstofnunar og Landbúnaðarháskóla Íslands

Kynning 10.júní, 2021



Inngangur - aðdragandi

- Áætlanagerð um landnotkun krefst grunnupplýsinga um ástand lands.
- Skipulagslög (1921), (1964/1978), 1997: allt land skipulagsskylt
- Skipulagsreglugerð 1998: *„Í svæðis- og aðalskipulagi skal gera grein fyrir landbúnaðarsvæðum, helstu einkennum svæðanna og þess búrekstrar sem þar er stundaður og er fyrirhugað að stunda. Gera skal sérstaklega grein fyrir ræktuðum svæðum, uppgræðslusvæðum og skógræktarsvæðum innan landbúnaðarsvæða.“* (Hliðstætt í núverandi reglugerð frá 2013).
- Gott ræktunarland víðast talið verðmæt auðlind vegna matvælaframleiðslu.
- Ýmsir vakið athygli á að gott ræktunarland sé að líkindum af skornum skammti.
- Breytingar á jarðalögum 2015, gera ráð fyrir flokkun landbúnaðarlands í aðalskipulagi.
- Landsskipulagsstefna útg. 2016, gerir ráð fyrir að landbúnaðarland sé flokkað.
- Þó nokkur sveitarfélög hafa flokkað landbúnaðarland í tenglum við aðalskipulagsgerð á síðustu árum.
- Aðferðir hafa ekki verið samræmdar.

Aðdragandi

Breytingar á jarðalögum 2020 heimiluðu ráðherra að láta vinna leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands í skipulagi, í samvinnu við yfirvöld skipulagsmála.

Breytingar á jarðalögum sp. í maí, 2021 mæla fyrir um að við gerð aðalskipulags í dreifbýli skuli land flokkað m.t.t. ræktunarmöguleika.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hafði frumkvæði að gerð leiðbeininganna í samræmi við heimild jarðalaga. Að leiðbeiningunum unnu: Guðni Þ. Þorvaldsson, prófessor Landbúnaðarháskóla Íslands, Guðrún Lára Sveinsdóttir, skipulagsfræðingur Skipulagsstofnun og Salvör Jónsdóttir, skipulagsfræðingur.

Fyrsta útgáfa af leiðbeiningum um flokkun landbúnaðarlands. Í ljósi markmiða jarðalaga er áherslan á flokkun lands m.t.t. ræktunar matvæla og fóðurs.




Tilgangur leiðbeininganna

- Að vera verkfæri sem nýtist sveitarfélögum við að flokka landbúnaðarland innan sinna marka með tilliti til ræktunarmöguleika matvæla og/eða fóðurs. Sé landbúnaðarland flokkað samkvæmt því sem hér er lagt til, ætti það að auðvelda sveitarfélögum ákvarðanatöku við aðalskipulagsgerð í samræmi við markmið jarðalaga.
- Að stuðla að því að flokkun landbúnaðarlands, með tilliti til ræktunar, verði unnin með samræmdum hætti á landinu öllu þannig að niðurstaða verði sambærileg. Þetta er þó háð þeim grunngögnum sem til eru.
- Afla upplýsinga um hversu stór hluti landsins getur talist nýtanlegur til matvæla- og/eða fóðurframleiðslu og auðvelda þannig stefnumótun og áætlanagerð um landnóktun.

Viðfangsefnið

Landbúnaðarland?

- Umfang þess ekki verið skilgreint með afgerandi hætti.
- Landbúnaðarsvæði eru skilgreind í aðalskipulagi (skv. ákvörðun sveitarfélags).



Nytjaland

<https://gis.lbhi.is/portal/apps/webappviewer/index.html?id=7c1134a79cc34c628ec0994c9beec898>

- Ákveðið að miða við 300 m h.y.s
 - Ekki mikið um að ræktunarland liggi hærra, en þar sem slíkt er, er það einnig flokkað.
- Miðað við að sveitarfélög vinni flokkunina í tengslum við aðalskipulagsgerð. Þannig er hægt að samnýta ýmis gögn.
- Ekki gert ráð fyrir að kosta þurfi til vinnu á rannsóknarstofu (s.s. varðandi efnagreiningar).
- Flokkunin hugsuð sem tæki við skipulagsgerð og ákvarðanatöku.

Uppbygging leiðbeininganna

Fjallað um hæfni lands til ræktunar (3. kafli):

- Almenn skilyrði lands til ræktunar/endurræktunar (dæmi: landhalli ekki meiri en 12%).
- Það land sem nær ræktunar skilyrðunum er síðan metið m.t.t. gæða.
- Land sem kann að uppfylla öll eðlisræn skilyrði til ræktunar, kann hins vegar að vera háð öðrum takmörkunum og kemur slíkt til frádráttar. Dæmi:

- Vatnsvernd
- Votlendi
- Skógar
- Menningarminjar
- Friðlýst svæði



- Flokkar skilgreindir, aðferðafræði og framsetning (4. kafli)

Viðmið fyrir flokka m.t.t ræktunar

I. Mjög gott ræktunarland.

- Góður móajarðvegur og steinefnaríkar mýrar.
- Steinefnahluti jarðvegsins að jafnaði fínkornóttur (sendin mylsna) og ekki með grófri möl.
- Jarðvegsþykkt (dýpt niður á klöpp) a.m.k. 75 cm.
- Land vel þurrt eða auðvelt að þurrka það.
- Ekki miklar mishæðir í landinu.
- Halli innan við 4% (2,29°).
- Hæð yfir sjó að jafnaði undir 100 m.



Djúpur grasmói sem færi í I. flokk ef halli og þurrkstig er í lagi. (mynd G.P.P)

Viðmið fyrir flokka m.t.t ræktunar

II. Gott ræktunarland.

- Mýrar með miklu af lífrænum efnum, lakari móar og góðir sandar og melar.
- Steinefnahluti jarðvegsins að jafnaði fínkornóttur og ekki með mjög grófri möl.
- Jarðvegsþykkt a.m.k. 50 cm.
- Land vel þurrt eða auðvelt að þurrka það.
- Ekki mjög miklar mishæðir í landinu.
- Halli innan við 8% (4,57°).
- Hæð yfir sjó að jafnaði undir 200 m.



Sandur með litlu lífrænu efni. Færi í II. flokk ef hann er djúpur og ekki mjög grófur en annars í III.flokk (mynd G.P.P).

Viðmið fyrir flokka m.t.t ræktunar

III. Sæmilegt ræktunarland.

- Lakari mýrar, móar, melar og sandar.
- Steinefnahluti jarðvegsins ekki grófari en svo að hægt sé að vinna hann án vandræða.
- Jarðvegsþykkt a.m.k. 25 cm.
- Þurrkunarskilyrði sæmileg.
- Mishæðir ekki meiri en svo að þær hamli notkun landbúnaðartækja.
- Halli innan við 12% (6,84°).
- Hæð yfir sjó að jafnaði undir 300 m.



Viðmið fyrir flokka m.t.t ræktunar

IV. Lélegt ræktunarland.

- Land neðan 300 m sem ekki uppfyllir skilyrði hinna flokkanna þriggja.
- Þetta land hentar ekki til akuryrkju en getur hentað vel til beitar, skógræktar eða fyrir tún.



Óslétt og rýrt land sem að líkindum myndi falla í IV. flokk (mynd EFLA)

Notkun flokkunarinnar við skipulagsgerð

- Í tillögu að viðauka við landsskipulagsstefnu 2015-2026 er gert ráð fyrir að Skipulagsstofnun, í samvinnu við hlutaðeigandi aðila, gefi út leiðbeiningarefni um skipulagsgerð á grundvelli flokkunar landbúnaðarlands.



Endurskoðun

- Gert ráð fyrir reglulegri endurskoðun, nú miðað við að á fjögurra ára fresti sé metið hvort þörf er á endurskoðun.
- Vætanlega eflast grunnrannsóknir og þar með grunnupplýsingar, sem er mikilvægt ekki síst hvað varðar jarðveg.
- Ákjósanlegt að gögn verði aðgengileg í miðlægum grunni, sem eykur líkur á samræmdum vinnubrögðum milli sveitarfélaga.



TAKK FYRIR!